



Grenndargámar með nýju flokkunarkerfi heimila


Jan 2024

Minnisblað – framtíðarplan

Með nýrri flokkun við heimilin í Hafnarfirði (og öllu höfuðborgarsvæðinu) þarf að endurskoða grenndargámakerfið samhliða því. Í dag eru grenndargámar á 6 stöðum, allir með plast, pappír og gler. Með nýju kerfi við heimilin er reiknað með að grenndargámar verði aðgengilegir íbúakjörnum í u.þ.b. 500-1000m radíus. Þessu er náð nema helst í Áslandi, Skarðshlíðinni, Völlum 6 og Holtinu. Sjá myndir hér neðan.

500m radíus:

1000m radíus:



Á grenndarstöðum þarf núna skv. lögum að safna málmum, gleri og textíl. Allt sem má ekki lengur fara í ílátin heima við. Að safna pappír og plasti á öllum stöðum líka er ekki nauðsynlegt, öll heimilin fá þetta hirt við húsvegg. Það eru þá líklega fyrirtækin sem eru að nýta þessa flokka mest en borga ekki sorphirðugjaldið sem stendur undir rekstri grenndarstöðvanna. Tillaga samræmingarhópsins gerir tillögu að því að vera ekki með plast og pappasöfnun á öllum stöðum.

Hins vegar mætti vera á einhverjum stöðum grenndarstöð sem er með alla flokkana. Það sem þarf að athuga við slíkt er plássíð. Víða erum við inná einkalóðum með leyfi viðkomandi eiganda og því ekki hægt að taka of mikið af stæðum.

SORPA hefur umsjón með rekstri grenndargámakerfisins á höfuðborgarsvæðinu fyrir sveitarfélögin. Núna er komið að útboði fyrir gámana og hirðu og er verið að vinna að því. Núverandi samningur rennur út í ársbyrjun 2024. Öll sveitarfélög þurfa því að vera búin að ákveða breytingar svo hægt sé að setja þær í útboðið fyrir mars 2023.



Hafnarfjörður

Lagt er til eftirfarandi:

- Bæta við stöðvum á Holtinu, í Áslandi 3 og Skarðshlíð
- Setja gáma fyrir málma, gler og textíl á alla staði,
- Auk þess halda gámum fyrir pappa og plast við Fjörð, Tjarnarvelli, Sólvang og Miðvang
- Með reynslunni af nýju hirðukerfi við heimilin og á grenndarstöðvum þegar það er komið á legg mætti bæta við og breyta.